

Reglugerð þessi sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. janúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 9.

8. janúar 1980.

REGLUGERÐ

um Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.

1. gr.

Vinnumálaskrifstofan er sérstök deild innan félagsmálaráðuneytisins.

Hlutverk skrifstofunnar er að annast þau mál, sem snerta vinnumarkaðinn og undir ráðuneytið falla lögum samkvæmt, og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

2. gr.

Verkefni sín skal vinnumálaskrifstofan leysa í samráði og samvinnu við samtök launafólks og vinnuveitenda eftir því sem kostur er.

Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna skulu hvert um sig tilnefna einn fulltrúa til þess að vera vinnumálaskrifstofunni til ráðuneytis og aðstoðar um þau verkefni, sem hún hefur með höndum og varða samskipti launafólks og vinnuveitenda.

3. gr.

Vinnumálaskrifstofan skal hafa á hendi yfirumsjón með vinnumiðlun sbr. lög nr. 52/1956 með síðari breytingum, og samræma starfsemi þeirrar vinnumiðlunar sem fram fer á vegum sveitarfélaga í landinu.

4. gr.

Vinnumálaskrifstofan skal afla, og koma á framfæri við hlutaðeigendur, upplýsinga um atvinnutækifæri á landinu öllu og samræma það starf þeirri vinnumiðlun, sem fram fer á vegum sveitarstjórna. Í þessu skyni skal vinnumálaskrifstofan koma upp skrá yfir atvinnutækifæri á landinu öllu og skiptingu þeirra á einstakar atvinnugreinar, eftir því sem við verður komið. Þegar slík skrá hefur verið gerð, skal hún jafnan liggja frammi hjá þeim aðilum, sem vinnumiðlun annast.

5. gr.

Vinnumálaskrifstofan beitir sér fyrir ráðstöfunum sem greiða fyrir miðlun vinnu milli launafólks um land allt, þar á meðal tilfærslu milli atvinnugreina, eftir því sem þörf er á hverju sinni. Í þessu skyni skal vinnumálaskrifstofan hafa frumkvæði að aðgerðum, sem auðvelda flutning milli byggðarlaga, gera þeim, sem atvinnulausir eru, kleift að stunda eftir- eða endurmenntun, eða öðrum þeim ráðstöfunum, sem greiða fyrir búferlaflutningum eða tilfærslu milli atvinnugreina vegna atvinnuleysis eða breyttra atvinnuhátta.

Ennfremur veitir vinnumálaskrifstofan öryrkjum og unglíngum aðstoð við að finna vinnu við þeirra hæfi m. a. með því að ganga ríkt eftir því við þær vinnumiðlanir, sem starfa í landinu á vegum sveitarfélaga, að þær ræki þetta hlutverk svo sem þeim er skylt, sbr. b og c-lið 3. gr. laga nr. 52/1956 um vinnumiðlun. Þá skal vinnumálaskrifstofan hlutast til um að opinberar stofnanir og fyrirtæki ráðstafi tilteknum fjölda atvinnutækifæra til öryrkja og unglínga, eftir því sem við verður komið í hverju tilfelli.

6. gr.

Vinnumálaskrifstofan skal sjá um að bætt verði og samræmd öll upplýsingasöfnun um atvinnuleysi í landinu og hafa um það samstarf við þær stofnanir, sem vinna að áætlanagerð og skráningu tölfræðilegra upplýsinga. Í þessu skyni skal vinnumálaskrifstofan m. a. ganga ríkt eftir því að sveitarstjórnir, sem lögum samkvæmt eru skyldar til að starfrækja vinnumiðlun, sendi skrifstofunni í lok hvers mánaðar nákvæmar upplýsingar um skráð atvinnuleysi í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Skal sveitarstjórn, eða þeim sem annast vinnumiðlun í umboði hennar, skylt að senda vinnumálaskrifstofunni slíkar upplýsingar eigi síðar en 3ja dag næsta mánaðar. Ennfremur getur vinnumálaskrifstofan krafist vinnumiðlun um skýrslu um þau störf, sem skráð eru hjá vinnumiðlun og ekki hefur verið ráðið í við lok hvers mánaðar.

Skýrslur þær, sem um ræðir í þessari grein, skulu gerðar í því formi sem vinnumálaskrifstofan ákveður.

7. gr.

Vinnumálaskrifstofan skal birta mánaðarlega skýrslu um skráð atvinnuleysi á landinu öllu. Skal þar m. a. koma fram hvar á landinu atvinnuleysi er hverju sinni og í hvaða starfsgreinum. Ennfremur hvernig atvinnuleysi skiptist á þá, sem voru í fullu starfi og hlutastarfi svo og eftir kyni og aldri þeirra, sem atvinnulausir eru.

Jafnan skal getið orsaka atvinnuleysis s. s. hvort það er árstíðabundið eða það stafar af öðrum ástæðum.

8. gr.

Vinnumálaskrifstofan skal að staðaldri fylgjast með og kanna ástand og horfur í atvinnumálum um land allt og gera stjórnvöldum aðvart ef horfur eru á atvinnuleysi í einstökum fyrirtækjum, starfsgreinum eða landshlutum. Jafnframt gerir vinnumálaskrifstofan tillögur um þær fyrirbyggjandi aðgerðir, sem hún telur tók á, til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Rétt er vinnumálaskrifstofunni að leita í þessu sambandi samstarfs við þær opinberar stofnanir, sem fjalla um vinnumarkaðsmál, áætlanagerð og fjármögnun framkvæmda. Ennfremur skal vinnumálaskrifstofan í þessum efnum hafa samráð við heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins eða samtök einstakra starfsgreina eftir því sem tilefni gefst til hverju sinni.

Ársfjórðungslega birtir vinnumálaskrifstofan yfirlit um ástand og horfur í atvinnumálum.

9. gr.

Öllum þeim, sem atvinnurekstur stunda, er skylt að tilkynna vinnumálaskrifstofunni og hlutaðeigandi verkafélögum með a. m. k. tveggja mánaða fyrirvara ráðgerðan samdrátt eða aðrar varanlegar breytingar í rekstri, sem leiða til uppsagnar fjögurra starfsmanna eða fleiri, um lengri eða skemmri tíma. Slíkum tilkynningum skal jafnan fylgja greinargerð um ástæður atvinnurekanda til upp-

sagnar starfsmanna, þar á meðal hvort uppsagnir stafi af verkefnaskorti eða af öðrum ástæðum, sem gerð sé grein fyrir.

10. gr.

Vinnumálaskrifstofan skal gera tillögur um úrbætur í atvinnumálum eftir því sem tilefni gefst til hverju sinni. Slíkar tillögur geta snert einstakar starfsgreinar, einstaka landshluta eða landið í heild, eftir því sem við á í hverju tilfalli.

Tillögur um úrbætur í atvinnumálum skulu, eftir því sem við á, gerðar í samráði við aðila vinnumarkaðarins, samtök einstakra starfsgreina og hlutaðeigandi sveitarstjórnir. Tillögunum skal fylgja ýtarleg greinargerð um það atvinnuástand, sem úr á að bæta, fjölda þeirra atvinnutækifæra, sem fyrirhugaðar aðgerðir skapa svo og um áætlaðan kostnað við úrbæturnar.

Opinberar stofnanir á sviði efnahags- og atvinnumála skulu veita vinnumálaskrifstofunni þær upplýsingar og aðstoð sem hún fer fram á og þær geta af hendi látið.

11. gr.

Auk þeirra verkefna, sem greind eru í 54. gr. laga nr. 13/1979, skal vinnumálaskrifstofan fara með mál er varða ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot sbr. lög nr. 31/1974 með síðari breytingum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 frá 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl., öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 8. janúar 1980.

Magnús H. Magnússon.

Hallgrímur Dalberg.

S A M Þ Y K K T**um hundahald í Hafnahreppi.**

1. gr.

Hundahald er aðeins heimilt á lögbýlum í Hafnahreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í sveitarfélaginu, sem ekki búa á lögbýlum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu sveitarfélagsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem hreppsnefnd ákveður fyrir eitt ár í senn, skal standa undir kostnaði við eftirlit með þessum hundum og skráningu.
- c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýnir að tryggingin sé í fullu gildi. Gjaldldagi leyfisgjaldsins er 1. júlí ár hvert.